



UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Umsögn skrifstofu borgarstjóra og borgarritara um tillögu áheyrnarfulltrúa Vinstri grænna um takmörkun umferðar einkapotna um Reykjavíkurlflugvöll

Á fundi borgarráðs þann 7. júlí sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Vinstri grænna:

Áheyrnarfulltrúi Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs leggur til að borgarráð samþykki að fela borgarstjóra að ganga til samninga við samgönguyfirvöld um að beina umferð á einkapotum og þyrluflugi annað en um Reykjavíkurlflugvöll. Slíkar breytingar myndu hafa margs konar jákvæð áhrif á borgina, íbúa hennar og umhverfið. Hljóð- og loftmengun og almennt ónæði yrði minna, öryggi íbúa í miðborginni og í grennd við flugvöllinn myndi aukast og svo samræmist aðgerðin markmiðum borgarinnar í umhverfis- og loftslagsmálum svo fátt eitt sé nefnt.

Tillögunni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar þann 10. ágúst sl.

Umsögn:

I.

Með samkomulagi þáverandi innanríkisráðherra, f.h. íslenska ríkisins, og þáverandi borgarstjóra, f.h. Reykjavíkurborgar, dags. 25. október 2013, var kveðið á um að innanríkisráðuneytið og Isavia ohf. myndu hafa forgöngu um að finna kennslu- og einkaflugi annan stað í nágrenni Reykjavíkur, í samræmi við áður gefin fyrirheit vegna endurbyggingar Reykjavíkurlflugvallar um síðustu aldamót. Jafnframt að framkvæmdir í þá þágu yrðu hafnar eins fljótt og auðið yrði. Þá er í samkomulaginu sérstaklega tekið fram að umrædd skuldbinding hvíli á ráðuneytinu og Isavia ohf. óháð öðrum verkþáttum sem þar sé fjallað um. Til einkaflugs í skilningi samkomulagsins telst ótvírætt umferð einkapota og flug á þyrlum í einkaeign.

Þá kemur fram í 6. gr. samkomulags þáverandi samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, f.h. íslenska ríkisins, og Reykjavíkurborgar, dags. 28. nóvember 2019, að það víki ekki til hliðar fyrrnefndu samkomulagi frá 25. október 2013 um að ráðuneytið og Isavia ohf. hafi forgöngu um að kennslu- og einkaflugi verði fundinn annar staður í nágrenni Reykjavíkur.

II.

Í kjölfar þess að gengið var frá tilvitnuðu samkomulagi, dags. 28. nóvember 2019, um rannsóknir á möguleikum á byggingu nýs flugvallar í Hvassahrauni, sendi Reykjavíkurborg bréf til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins með beiðni um nýjan stað fyrir kennslu- og



einkaflug. Í bréfinu, sem er dagsett 8. júlí 2020, minnti Reykjavíkurborg á að það hefði lengi verið sameiginleg sýn íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar að flytja æfinga-, kennslu- og einkaflug á nýjan stað. Jafnframt var minnt á að umrædd áform ættu rætur sínar að rekja til greiningar sem fór fram á hættum sem byggð stafaði af nálægð við flugvöllinn og tillögum sem voru settar fram í skýrslu samgönguráðuneytisins, Sambúð flugs og byggðar, frá árinu 1991. Þá var í bréfinu farið yfir það hvernig Reykjavíkurborg hefur í samræmi við þessa fyrirætlun unnið skipulagsáætlanir fyrir Vatnsmýrina og Reykjavíkflugvöll sem taka mið af henni. Enn fremur eru þar rakin fyrri samskipti íslenska ríkisins og Reykjavíkurborgar um málið. Þar á meðal er fjallað um bókun þáverandi samgönguráðherra og þáverandi borgarstjóra, dags. 14. júní 1999. Í umræddri bókun kemur fram að snertilendingar í æfinga- og kennsluflugi skuli flytjast frá Reykjavíkflugvelli og minnisblað sem þáverandi borgarstjóri og þáverandi samgönguráðherra undirrituðu 11. febrúar 2005 í framhaldi af bókuninni. Loks var þar getið um niðurstöður samráðsnefndar samgönguráðuneytisins og Reykjavíkurborgar um úttekt á framtíðarstaðsetningu Reykjavíkflugvallar frá því í apríl 2007. Í skilgreiningu á öðrum flugvallarkostum var miðað við að kennslu-, einka- og æfingaflug yrði flutt á annan flugvöll.

Tilfni þess að Reykjavíkurborg ritaði umrætt bréf frá 8. júlí 2020, var að ganga á eftir efndum á þeirri samningsskuldbindingu sem hvílir á íslenska ríkinu um að finna öllu kennslu-, æfinga- og einkaflugi annan stað við fyrsta tækifæri. Meðal annars taldi Reykjavíkurborg mikilvægt að flutningur kennslu- og æfingaflugs rataði inn í nýja samgönguáætlun sem þá hafði verið boðað að yrði lögð fram haustið 2020. Jafnframt taldi Reykjavíkurborg mikilvægt að samhliða skoðun á framtíðarkostum í flugvallarmálum myndi ráðuneytið óháð henni finna kennslu- og æfingaflugi nýjan stað. Það væri brýnt ekki síst í ljósi ónæðis sem af slíku flugi leiðir fyrir íbúa í nágrenni við flugvöllinn en ekki síður með hliðsjón af mikilvægi flugkennslu sem vaxandi atvinnugreinar og til að styðja við vöxt í flugi og ferðapjónustu.

Með svarbréfi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 16. september 2020, er lýst þeirri afstöðu ráðuneytisins að það telji það ekki vera tímabært að fjárfesta í flutningi æfinga-, kennslu- og einkaflugs frá Reykjavíkflugvelli yfir á annan flugvöll á meðan rannsóknir um nýjan flugvöll í Hvassahrauni eru enn í gangi. Enn fremur segir í svarbréfi ráðuneytisins að komi í ljós að ekki sé ákjósanlegt að reisa flugvöll í Hvassahrauni, þá þurfi að kanna aðra kosti í samræmi við samkomulagið frá 25. október 2013. Reykjavíkurborg hefur ekki talið tilefni til að bregðast við þessu svarbréfi ráðuneytisins, enda ljóst að tilvitnuð samningsskylda er enn í gildi og óumdeild af hálfu aðila.

III.

Eins og að framan greinir hefur Reykjavíkurborg þegar gert samning við íslenska ríkið um að það flytji allt æfinga-, kennslu- og einkaflug frá Reykjavíkflugvelli yfir á annan flugvöll. Það var gert með samkomulagi, dags. 25. október 2013, meðal annars í þeim tilgangi að minnka ónæði fyrir íbúa í miðborginni og í nágrenni við flugvöllinn og auka öryggi þeirra. Þar sem umrædd samningsskylda sem hvílir á herðum íslenska ríkisins er enn í fullu gildi og óumdeild meðal aðila samkomulagsins, er ekki talin ástæða til að Reykjavíkurborg hlutist til um að gera annað samkomulag við íslenska ríkið um sama atriði. Allt að einu er mikilvægt að Reykjavíkurborg haldi áfram umræddri samningsskuldbindingu á lofti gagnvart íslenska ríkinu með formlegum hætti.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari